

Nr. 4/1962. Fimmtudaginn 26. júlí 1962.
Samband veitinga- og gistihúsaeygenda
 (Jón Magnússon hdl.)
 gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags
framreiðslumanna
 (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Varadómari Benedikt Sigurjóns-
 son í stað Ísleifs Árnasonar.

Verkfall dæmt ólögmaett.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 22. þ. m., af Sambandi veitinga- og gistihúsaeygenda gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags framreiðslumanna.

Gerir stefnandi þær dómkröfur:

Að dæmt verði, að vinnustöðvun sú, sem Félag framreiðslumanna hóf kl. 2400 hinn 19. júlí þ. á. hjá félagsmönnum Sambands veitinga- og gistihúsaeygenda sé ólögleg, og að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi hefur áskilið sér rétt til að sækja stefnda til skaðabóta, ef nefnt verkfall yrði dæmt ólögmaett.

Málavextir eru þessir: Hinn 1. júní s.l. féll úr gildi fyrir uppsögn kjarasamningur gerður 25. júlí 1961 milli aðilja máls þessa. Hinn 20. júní s. l. mun stefndi hafa sent stefnanda uppkast að væntanlegum samningi, og siðar munu einhverjar umræður hafa farið fram milli aðilja málsins um nýja samninga. Með bréfi, dags. 11. júlí þ. á., tilkynnir stefndi stefnanda, að hafi samningar eigi verið undirritaðir fyrir 20. s. m. muni hann stöðva alla vinnu félagsmanna sinna hjá félagsmönnum stefnanda frá og með föstudeginum 20. júlí. Er ágreiningslaust, að þessi verkfallsboðun hafi verið tilkynnt stefnanda með lögmaeltum fyrirvara. Með bréfi dags. 13. júlí s.l. tilkynnir

stefndi sáttasemjara ríkisins, að boðuð hafi verið vinnustöðvun hjá félagsmönnum stefnanda, er komi til framkvæmda föstudaginn 20. júlí, hafi samningar ekki verið undirritaðir fyrir þann tíma. Er því haldið fram af stefnda, að bréf þetta hafi verið afhent á skrifstofu sáttasemjara um hádegi laugardaginn 14. þ. m., en sáttasemjari ríkisins hefur vottað, að bréf þetta hafi ekki verið komið til hans, er hann fór af skrifstofu sinni á hádegi þennan sama dag, en legið á borði hans er hann kom til vinnu að morgni 17. s. m., en skrifstofa hans hafi verið lokuð daginn áður. Hinn 17. júlí ritar stefndi sáttasemjara ríkisins svohljóðandi bréf: „Þar sem slitnað hefur upp úr samningaumleitunum milli félaga vors og Sambands veitinga- og gistihúsaeygenda, þá leyfum vér oss að fara þess á leit við yður, hr ríkissáttasemjari, að þér hefjið sáttaumleitunir með samningsaðilum.“ Hafði vinnudeilu þeirri, sem hér ræðir um eigi verið skotið til sáttasemjara fyrr en með bréfi þessu. Hélt hann því næst fund með málsaðiljum 19. s. m., en án árangurs. Hófst verkfall stefnanda í framkvæmd að morgni föstudagsins 20. þ. m., en kvöldið áður laust eftir miðnætti hafði samninganefnd stefnanda tilkynnt stefnda, að hún teldi boðað verkfall ólöglegt, þar sem ekki hefði verið gætt þess ákvæðis 16. gr. laga nr. 80/1938, að tilkynna sáttasemjara vinnustöðvunina með 7 sólarhringa fyrirvara.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt 16. gr. nefndra laga sé skylt að tilkynna sáttasemjara með 7 sólarhringa fyrirvara ákvörðun um vinnustöðvun, sem hefja á í þeim tilgangi, að knýja fram breytingu eða ákvörðun um kaup og kjör. Kveður hann þetta ákvæði fortakslaust og heldur því fram, að vanræksla á því að tilkynna verkfall með þeim fyrirvara, sem mælt er fyrir í hinni nefndu grein, eigi að varða ólögsmæti verkfalls. Og þar sem tilkynning stefnda til sáttasemjara ríkisins um verkfall það, er nú stendur yfir, hafi eigi borizt honum eða verið send í tæka tíð, sé framangreint verkfall stefnda ólögsmætt.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að

stefnandi eigi ekki aðild að máli um það, hvort sáttasemjara hafi í tæka tíð borizt tilkynning um verkfall stefnda. Telur hann, að sáttasemjari geti einn átt sakaraðild um það atriði. Í öðru lagi mótmælir hann því, að það sé skilyrði fyrir lögmæti verkfalls, að tilkynning um það berizt sáttasemjara með 7 sólarhringa fyrirvara. Skipti því eigi máli, þótt stefndi hafi eigi tilkynnt sáttasemjara ríkisins verkfallsákvörðun sína með þeim fyrirvara, er um ræðir í 16. gr. laga nr. 80/1938. Bendir hann í því sambandi á það, að ákvörðunin um verkfallið hafi verið tilkynnt sáttasemjara áður en það hófst og deilunni vísað til hans og hann haldið langan fund með deiluaðiljum áður en til verkfalls kæmi. Séu því eigi skilyrði fyrir hendi til þess að dæma það ólögmætt, heldur gæti í þessu efni í hæsta lagi verið um að ræða sekt fyrir brot á þessu ákvæði 16. gr. framangreindra laga.

Telja verður, að stefnanda sé rétt að sækja mál út af því, hvort stefndi hafi fullnægt skilyrðum laga nr. 80/1938 um ákvörðun og framkvæmd verkfalls þess, sem hann hóf 20. þ. m. og beindist gegn stefnanda. Verður sú sýknuástæða stefnda, að stefnandi eigi ekki aðild sakar um það, hvort fullnægt hafi verið ákvæðum 16. gr. nefndra laga um tilkynningu til sáttasemjara, ekki tekin til greina.

Svo sem að framan er rakið tilkynnti stefndi eigi sáttasemjara ríkisins þá ákvörðun sína, að hefja verkfall hjá stefnanda með þeim fyrirvara, sem 16. gr. laga nr. 80/1938 mælir fyrir um. Skýra verður þetta fortakslausa ákvæði á þá lund, að lögmæti verkfalls sé því skilyrði bundið, að gætt sé af hálfu verkfallsboðanda þeirrar tilkynningar-skyldu, sem þar er boðin. Samkvæmt þessu verður að dæma verkfall það, sem stefndi hóf 20. þ. m., ólögmætt.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 3000.00.

Dómsorð:

Verkfall það, er stefndi, Félag framreiðslumanna, hóf

20. þ. m. hjá félagsmönnum stefnanda, Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda, er ólögmett.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Félags framreiðslumanna, greiði stefnanda kr. 3000.00 í málskostnað, innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 26. júlí 1962.

Nr. 3/1962. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands**
(Árni Stefánsson hrl.)
gegn
Landssambandi íslenzkra útvegsmanna
(Hafsteinn Baldvinsson hdl.).

Varadómari Benedikt Sigurjónsson í stað Ísleifs Árnasonar.

Uppsögn kjarasamnings talin ógild.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 11. þ. m., af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands gegn Landssambandi íslenzkra útvegsmanna.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að uppsögn stefnda, dags. 10. maí þ. á., á kaup- og kjarasamningi milli aðilja máls þessa, dags. 14. febrúar 1961, verði dæmd ógild. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Í 28. gr. kjarasamnings, sem gerður var hinn 14. febrúar 1961 milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna annars vegar og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar, segir svo: